

**91. fundur afgreiðslufunda byggingarfulltrúa
haldinn í fundarherbergi 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 26.
mars 2026 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Kristján S Kristjánsson byggingarfulltrúi, Axel Rodriguez Överby sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Hermann G Hermannsson Slökkvilið Ísafjarðarbæjar.

Embættismenn:

Fundargerð ritaði: Kristján Svan Kristjánsson, byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Hafnarstræti 19 - Umfangsflokkur 2 - 2026030170

Lögð er fram umsókn um byggingarheimild frá Steve Christer f.h B1917 ehf. Sótt eru um leyfi til að koma fyrir nýjum gluggum og hurðum á hús ásamt breytingum á innra skipulagi eignarinnar.

Jafnframt er lagður frá aðaluppdráttur frá Studio Granda dags. 02.2026

Erindi frestað m.v í athugasemdir byggingarfulltrúa.

2. Gerðhamrar lóð 1 200943 - Umfangsflokkur 1 - 2026030169

Lögð er fram umsókn Hallgríms Inga Jónssonar f.h Evrópu ehf. um byggingarheimild vegna byggingar á birgðageymslu að Gerðhömrum. Jafnframt eru lagðir fram aðaluppdrættir frá Stoð verkfræðistofu, dags 06.02.2026 ásamt skráningartöflu.

Byggingaráform samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrðum gr. 2.4.4 sömu reglugerðar verður uppfyllt.

3. Sindragata 4B - Umfangsflokkur 2 - 2025100184

Erindið var tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa nr. 89, þann 11. desember 2025. Þar sem byggingaráformin voru samþykkt.

Sá úrskurður var kærður til Úrskurðarnefndar umhverfis og Auðlindarmála (ÚUA) og lá niðurstaða fyrir í því máli þann 11. mars síðastliðinn. Hafnaði nefndin kröfu kæranda um niðurfellingu á ákvörðun byggingarfulltrúa um samþykki byggingaráforma.

Því er málið tekið fyrir að nýju nú.

Byggingaráform samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrðum gr. 2.4.4 sömu reglugerðar verður

uppfyllt.

4. Hreggnasi 10 - Umfangsflokkur 1 - 2026030222

Lögð er fram umsókn frá Jóhanni Birki Helgasyni um byggingarheimild f.h Gerðar Engilrósar Einarasdóttur. Sótt er um leyfi til að setja 2 nýja glugga á austurgafli hússins sem og að síkka og stækka glugga á norðurhlið hússins. Jafnframt er lagður fram uppdráttur af húsinu frá Verkís ásamt jákvæðri umsögn Minjastofnunar.

Erindi samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

5. Fjarðarstræti 11 - Umfangsflokkur 1 - 2026030221

Lögð er fram fyrirspurn Jóhans Birkis Helgasonar vegna fyrirhugaðra framkvæmda á húsinu en óskað er eftir því að fá að hækka húsið um eina hæð. Jafnframt eru lögð fram drög að aðaluppdrætti sem fullkláraður verður ef vel verður tekið í málið.

Erindinu er vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar

6. Suðurtangi 1 - Umsókn um byggingarleyfi á nýrri slökkvistöð - 2026010384

Erindið var tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa nr. 90 þar sem málinu var frestað.

Til viðbótar við áður framlögð gögn er nú lagður fram uppfærður aðaluppdráttur frá 26.02.2026

Byggingaráform samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrðum gr. 2.4.4 sömu reglugerðar verður uppfyllt.

7. Aðalgata 31 - Umfangsflokkur 2 - 2026030168

Lögð er fram umsókn Einar Ólafssonar um skráningu Aðalgötu 31 til fasteignaskrár. Húsið er endurbygging á húsi sem áður stóð á lóðinni og var núverandi hús byggt innan í því eldra.

Jafnframt er lagður fram aðaluppdráttur frá Einari Ólafssyni ásamt skráningartöflu

Erindi samþykkt. Húnæðið verður skráð til fasteignaskrár sem húsnaði byggt án ábyrgðaraðila.

8. Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Aðalgata 21 - Flokkur 2, - 2023050088

Lögð er fram tillaga frá Hugrónu Þorsteinsdóttur um breytingu á áður samþykktu byggingarleyfi f.h Prentmiðlun ehf.

Jafnframt eru lagðir fram aðaluppdrættir frá M11 arkitektum.

Erindi vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umsagnar.

9. Hafnarstræti 5 - Fyrirspurn til byggingarfulltrúa - 2026030219

Lögð er fram fyrirspurn frá Fjólubláu húfunni ehf. vegna mögulegrar breytingar á efri hæð Hafnarstrætis 5. Húsið er skráð sem skrifstofa en óskað er eftir því að breyta efri hæð hússins í íbúð til skammtímaleigu og myndi þá falla í notkunarflokk 4.

"Mannvirki eða rými þar sem gert er ráð fyrir að fólk gisti. Fólk sem er í mannvirkinu er ekki allt nægjanlega kunnugt umhverfinu til að þekkja flóttaleiðir en er almennt fært um að bjarga sér sjálf út úrmannvirkinu eða á öruggt svæði við eldsvoða"

Jafnframt er lögð fram teikning frá kaa arkitektum en um er að ræða hönnunargögn þess tíma er stóð til að hækka þak hússins.

Erindi vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar.

10. Sindragata 5-7 Fyrirspurn til byggingarfulltrúa - 2026030220

Lögð er fram fyrirspurn frá Pétri Bjarnasyni f.h Ingólfs Árnasonar.

Fyrirspurnin snýr að því að kanna möguleikann á því vera með almennar íbúðir á efri hæðum Sindragötu 5 og 7. Umsækjandi hefur kynnt sér aðalskipulag svæðisins og þá staðreynd að nú er ekki gert ráð fyrir íbúðum á þessu svæði nema í undantekningartilvikum. Því vill umsækjandi kanna hvort þessu gæti verið breytt.

Erindi vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umfjöllunar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:00

Kristján S Kristjánsson

Axel Rodriguez Överby

Hermann G Hermannsson